



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 21. september, 2010

Ákvörðun nr. 25/2010

Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á S. Helgasyni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með samrunatilkynningu sem barst Samkeppniseftirlitinu 19. ágúst 2010 tilkynnti Sparisjóðabanki Íslands hf. (hér eftir SPB) stofnuninni um yfirtöku sína á öllu hlutafé í fyrirtækinu S. Helgason ehf. (hér eftir S. Helgason). Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Þann 8. desember 2009 birti Samkeppniseftirlitið umræðuskjal um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þann 21. janúar 2010 féll úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009 Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu þar sem áfrýjunarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að ýmis samkeppnisleg vandkvæði leiddi af yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig t.a.m. falist í því að fyrirtæki nái yfirráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa eignir þess í heild eða hluta, sbr. c-liður 1. mgr. 17. gr. Getur samruni falist í því að fyrirtæki taki yfir hvers kyns eignir annars fyrirtækis.¹

Samruni þessi varðar yfirtöku SPB á S. Helgason. Til yfirráðanna stofnast með breytingu krafna í hlutafé þannig að SPB eignast allt hlutafé í S. Helgasyni. Öðlast SPB þannig yfirráð yfir S. Helgasyni.

¹ Sjá t.d. leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar EB frá 10. júlí 2007 um m.a. skilgreiningu á hugtakinu samruni (COMMISSION CONSOLIDATED JURISDICTIONAL NOTICE under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings): "...the object of control can be one or more, or also parts of, undertakings which constitute legal entities, or the assets of such entities, or only some of these assets. The acquisition of control over assets can only be considered a concentration if those assets constitute the whole or a part of an undertaking, i.e. a business with a market presence, to which a market turnover can be clearly attributed. The transfer of the client base of a business can fulfil these criteria if this is sufficient to transfer a business with a market turnover. A transaction confined to intangible assets such as brands, patents or copyrights may also be considered to be a concentration if those assets constitute a business with a market turnover..."



SPB er fjármálafyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bankinn sérhæfði sig í heildsöluþjónustu við sparisjóði í landinu, auk þess að stunda lánaviðskipti við valda viðskiptavini. Fjármálaeftirlitið ákvað þann 21. mars 2009 að taka yfir vald hluthafafundar SPB. Þá ákvað Fjármálaeftirlitið 27. mars að skipa bankanum skilanevnd sem fer með öll málefni SPB og hefur umsjón með allri meðferð eigna hans og skulda.

S. Helgason starfar á innlendum steinsmiðjumarkaði skv. samrunaskrá og sérhæfir sig í rekstri á steinsmiðju til almennra steinsmiðjuverka. Samkvæmt samrunaskrá nær þjónusta S. Helgasonar þannig til smíða á flísum, borðplötum, legsteinum, vatnsbrettum og annarra hluta.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var m.a. tekið til athugunar hvort samkeppni kunni að verða raskað með eignarhaldi Sparisjóðabanka Íslands. Er þá m.a. vísað til umræðuskjals Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja – stefnumörkun* og úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009 *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til íhlutunar á þessum grunni. Við það mat var m.a. horft til þess að SPB er ekki umsvifamikill í endurskipulagningu fyrirtækja auk þess sem hann sinnir ekki lengur almennri viðskiptabankþjónustu né á eignarhluti í fyrirtækum sem starfa á sama markaði eða tengdum mörkuðum.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar vegna yfirtöku Sparisjóðabanka Íslands hf. á S. Helgasyni ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson